

# REGLUGERÐ

## um búfjárhald í Húsavík.

### 1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, svína, geita, sauðfjár og alifugla) er óheimilt innan afgirts skipulags bæjarlands Húsavíkur, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Allt búfjárhald í bæjarlandinu er gjaldskytt samkvæmt 5. gr.

### 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. grein skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru er máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

### 3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið, (til lengri eða skemmri tíma). Má veita það ákveðinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár t.d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

### 4. gr.

Ef maður hefur búfé án heimildar sem samþykkt þessi nær til, skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

### 5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Bæjarstjórn ákveður gjaldið.

### 6. gr.

Bæjarstjórn skal skyld að láta gera búfjárhelda girðingu umhverfis byggð í bænum og skipuleggja landssvæði fyrir búfjárhald utan þeirra bæjarmarka.

### 7. gr.

Pau gripahús sem fyrir eru í bænum á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarráð samþykkir það, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau eða bæta á nokkurn hátt.

### 8. gr.

Við brot gegn samþykkt þessari getur bæjarstjórn afturkallað áður veitt leyfi til búfjárhalds, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áður veittri aðvörun. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er af bæjarstjórn Húsavíkur samkvæmt 1. gr. laga nr. 44, 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um búfjárhald í Húsavík, nr. 140, 21. febrúar 1977.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Línal.*